

MÓTI STRAUM

Brot úr íslenskri sögu

Difficile est in dysexelixi invenire
veritatem, difficilius invenisse.

I

Almenningur á heimtingu á því að fá að vita hverjar ástæður þeir menn telja til, sem vilja fá fé úr landsjóði til starfs og viðurværис. Á vel við að slíkt komi í víðlesnu blaði, ef að eins er svo frá gengið að orð séu vel valin og haglega niðurskipað. Það er alltaf sálubót nokkur, að lesa mál þeirra manna, sem til nokkurrar hlítar kunna þá vandlærðu íþrótt að rita.

Maður, sem hér á landi ætlar sér að starfa að vísindum og ritmennt, verður að fá lífeyri sinn og starfsfé úr landsjóði eða útlendum sjóðum. Sú borgun sem vísindamaður fær fyrir rannsóknir og ritstörf, nægir ekki til viðurværис. Síðan fyrst kom á prent smágrein eftir mig, eru nú liðin 25 ár, og þó að meiri hluti þess sem ég hefi ritað sé óprentað, og aðeins undirbúnigur undir rit, sem ég síðar mun láta prenta eða frumdrættir að slíku, þá er það þó orðið nokkuð margt, sem til er eftir mig prentað á 4 málum í 41 stað. En ritlaun míni munu vera talsvert fyrir neðan 50 kr. á ári að meðaltali. Í þrjú skifti hefi ég í 22 ár fengið borgun fyrir rannsókn, samtals 102 kr. Ég hefi því orðið að fá fé á annan hátt. Flest árin 1900-1910 fékk ég fé úr Carlsbergssjóði, og flest árin 1902-19 hefi ég fengið fé úr landsjóði. Að meðaltali nær það ekki 2000 kr. á ári sem ég hefi haft afgangs ferðakostnaði síðan ég hóf rannsóknir mínar, árið 1897. Ég hefi lítið á þetta minnst áður, en það er rétt að geta þess einu sinni til fróðleiks.

II

Almenningi er lítið um það gefið, að menn fái fé úr landsjóði til starfs síns, og það er jafnvel ekki óalgengt að verða var við nokkra óvild til slíkra manna. En af misskilningi er sú óvild sprottin. Ef um nokkurn hæfileikamann er að ræða sem rannsóknara eða rithöfund eða hvorttveggja, þá launar verk hans styrkinn margfaldlega, og hann leggur að ekki litlu leyti, fjárhagslega velferð sína í sölurnar, með því að vinna að því sem ekki færir honum arð eða borgun, og hætta til þess hvernig umráðamenn landsjóðs, eða annarra, muni meta starfið. Virðist mér sem ég sjái heldur tvær leiðir en eina til þess að ég hefði getað haft a.m.k. þrefaldar tekjur við það, sem verið hefir, ef ég hefði hætt að vinna að því takmarki, sem ég setti mér fyrir löngu. Ég kom auga á þetta takmark fyrir 30 árum, þegar ég las fyrst jarðfræði Lyells (það var þýsk þýðing á 1. útg. af *Principles of Geology*). Ég var þá í 4. bekk latínuskólangs, og afréð að verja ævi minni til þess að reyna að afla mér þekkingar á sögu jarðarinnar. Sá ég síðar, að slíkt ævistarf mundi geta komið að nokkrum notum. Mér féll það meðal annars svo vel við jarðfræðina, að til þess að vera nógu góður jarðfræðingur, veitti ekki af að kunna öll vísindi. Varð því takmarkið hið stórkostlegasta, en að vísu engin von um að komast nema lítið eitt á leið. Var dálítið líkt fyrir mér og unglingsnum í *Faust*, sem Goethe leggur þessi orð í munn:

Ich wünschte recht gelehrt zu werden
Und möchte gern, was auf der Erden
Und in dem Himmel ist, erfassen,
Die Wissenschaft und die Natur.

Ég hefi tilfært þessi orð í doktorsævi minni, og vissi ég þá um sumt sem á jörðu er, dálítið meira en menn höfðu áður vitað. En nú veit ég einnig um sumt, sem er á himninum, dálítið meira en menn hafa vitað áður hér á jörðu.

III

Mér hafa verið ætlaðar á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar 1800 krónur hvort árið, og er það líkast því sem það hefði verið í ógáti gert. Vil ég skora á háttvrita þingmenn að veita mér 8000 kr. hvort árið. Meira er það nú ekki, sem ég fer fram á. Fé þessu ætla ég að verja til þess að leita mér heilsubótar og til að vinna að verki sem ég hygg að Íslandi muni verða til nokkurs gagns. Hygg ég að úr því líður fjárhagstímabil annað frá því sem í hönd fer, muni ég ekki þurfa fjár að biðja. Annaðhvort verð ég þá liðinn undir lok, eða ég mun hafa haft það fram, að menn reyni að færa sér í nyt sannindi sem ég hefi fundið. Þykir mér hið síðarnefnda líklegra miklu um þann mann sem fyrstur á jörðu hér hefir séð fram úr og fundið diexelsis.

Þá skal telja fáeinrar af þeim ástæðum, sem mér virðast vera til fjárveitingar þessarar. Get ég þess fyrst að í janúar 1897 tók ég próf við háskólann í Kaupmannahöfn í náttúru sögu og landafræði, með dálítið hærri einkunn en menn höfðu áður fengið í þeim greinum. Sá sem næstur mér var, var námsfélagi minn lítið eitt eldri, núverandi professor í jarðfræði Böggild, og munaði að vísu mjög litlu. Um Böggild hefir verið sagt, að hann sé einn af mestu gáfu mönnum í Danmörku (et af Danmarks bedste Hoveder), og hygg ég að það sé ekki of mælt. (Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning, skal ég geta þess, að Böggild hafði hærri einkunn í eðlisfræði og efnafræði en ég; voru það aukanaámsgreinir og tók ég próf í þeim 1894). Er hér getið um próf þetta af því að slíkt er nokkru vandasamara en margir munu ætla, og verður ekki gert án mikillar ástundunar. En þeir sem ætla sér að verða kennarar á einhvern hátt, verða sjálfir að hafa sýnt áhuga á að læra.

Annað, sem talið skal, er að ég hefi fundið skriðjökla á Heklu. Mér þykir dálítið gaman að þessu, af því að það var með ólíkindum að gera mætti nýjar athuganir af því tagi á frægasta fjalli landsins, sem margir höfðu gengið á, og sumt mikilhæfir vísindamenn, og þar að auki hafði verið vandlega mælt af sérlega færum mælingamönnum. Ég hygg að

mönnum mundi við nánari íhugun þykja þetta svo smá-skemmtilegt íslenskt sjálfstæðisspor, að þeir mundu telja verðan nokkurra eftirlauna þann sem stigið hefði, jafnvel þó að ekki væri verkfær framar. En ég á mest mitt verk framundan, en ekki að baki.

Fjölda af nýjum athugunum í jarðfræði Íslands hefi ég gert, svo að það er ekki of mælt, að tala um nýja jarðfræði Íslands. Ég skal aðeins geta þess, að ég hefi sýnt, að sá mikli hluti af Íslandi, sem útlendir jarðfræðingar höfðu nefnt Palagonit formation, er sumt myndað af jöklum sem voru á landinu löngu á undan þeirri ísöld, sem mönnum hafði verið kunnugt um hér áður; en sumt er eldfjallarústir. En enginn hafði vitað þau deili á Palagonit formationinni, sem þurfti, til þess að geta ákveðið til nokkurrar hlítar hvernig til væri orðin eða hvenær. Ég hefi fundið gabbró-fjöll á Snæfellsnesi, og mjög stórkostlegan hrarfntinnu-hrygg á Tindafjallajökli. Ég hefi fundið stórkostlega jökulgarða á Suðurlandsundirlendinu og Melasveit. Ég nefni þetta til þess að það komi síður fyrir að útlendingar, sem koma á þessar slóðir eða þar nálægt, sjái þetta ekki. Brotaberg (Dislocations Breccien und Harnische: fágaðir fletir í því bergi) höfðu menn ekki þekkt hér á landi fyrr en ég fann það.

IV

Fyrirlestra hefi ég haldið í Berlín og í Edinburgh (1 í Deutsche Geologische Gesellschaft; 1 í Gesellschaft für Erdkunde, og í Geological Society of Edinburgh). Er mér ókunnugt um, að aðrir vísindamenn íslenskir hafi haldið fyrirlestra á ensku og þýsku. Mun ég þegar ég hefi fengið heilsubót nokkra — og ég hygg að mér muni takast það — tala á Norðurlöndum og líklega viðar um jarðfræði Íslands, sögu Norðurlanda og enn sitthvað, sem varla verður talað um á þann hátt sem mér virðist mjög við þurfa, ef Íslendingur gerir það ekki.

Ekki býst ég við að ferðast mikið til rannsókna hér á Íslandi næstu 2-4 ár. Verð ég að snúa mér að því um hríð, að reyna að fá vísindamenn til að vera mér samtaka um

rannsóknir nokkrar í líffræði, sem ég hygg að mikið gott muni af leiða. Hefi ég, eftir langvinnar athuganir, gert nokkrar uppgötvanir er að líffræði lúta, þannig vaxnar, að ég vil ekki leyna því að ég hygg að þýðingarmeiri uppgötvanir hafi aldrei gerðar verið. Síðar mun verða litið svo á, sem vísindaleg sálufræði hafi í rauninni ekki verið til fyrr en eðli drauma var fundið, og sú uppgötvun hefir leitt til þess, að ég hefi fundið íleiðslu kraftar, induktion, sem heimslögmul. Ef til vill skrifa ég einhvern tíma á þýsku ritgerð með fyrirsögninni Kosmologie als Epagogik. (Epagóge á grísku — induktion).

V

Þá skal ég enn minnast nokkrum orðum á verk, sem ég er að undirbúa, og getið var um í ritgerð, sem heitir Starf og stefna.

Fyrst verður í verki þessu þáttur um eðli og tilgang heimsins. Verður þar sýnt fram á heimslögmul það sem ég gat um, og enn fremur, að verðandistefnurnar eru tvær, lífstefna og helstefna, eða diexelixis og dysexelixis, eins og nokkru nánar var getið um í ritgerðinni um framtíð mannkynsins. Í sambandi við þennan kafla hefi ég orðið að taka upp rannsóknir á fornri, einkum grískri heimspeki, og er kominn þó nokkuð á veg með það starf en margt af því tagi, sem ég hafði ætlað mér að vinna þessi ár, er þó óunnið enn, einnig af því að margar þær bækur, er ég þarf að nota, eru ekki til hér á landi. Í þessum þætti verður sýnt, að í fornri heimsfræði er margt miklu merkilegra og meir áleiðis til vínsinda, en fræðimenn hafa haldið. Þátturinn um eðli og tilgang heimsins verður inngangur að yfirliti yfir sögu jarðarinnar og sögu lífsins. Til undirbúnings þeim kafla hefi ég t.d. í veturn lesið á 4. þús. blaðsíður um jarðfræði. Einnig vegna þessa kafla þarf ég að geta verið í útlöndum, og þarf til þess að geta ritað um slíkt, fleira að gera en lesa. Nokkrar líkur virðast mér til þess, að ég muni geta skýrt nokkru lengra en gert hefur verið, hvernig stendur á aldaskiftum jarðarinnar, og eins, að hverju núverandi ástand hnattarins stefnir. Í yfir-

liti yfir sögu lífsins, mun ég leitast við að skýra að nokkru hinum ymsu stefnur í framsókn líftegundanna, og verður það auðvitað í nánu sambandi við sögu jarðarinnar sjálfrar. Mest verður leitast við að skýra, hvernig stefnt er að því að vaxa fram til hugsandi veru, og hvers vegna það hefir verið svo torsótt.

Jarðsögukaflið verður inngangur að yfirliti yfir sögu mannkynsins á jörðu hér. Verður einnig það mikið mál. Verður leitast við að sýna, hvernig mennirnir hafa verið að reyna, mest eins og af eðlishvöt, að ná hinni réttu framsóknarstefnu, diexelixis, og vegna hvers sú viðleitni hefir alltaf mistekist, svo að hin illa stefna dysexelixis, hefir verið ráðandi. Verður þessi kafli inngangur að sögu Norðurlandabúa og sérstaklega Íslendinga. Verður leitast við að sýna, hverja þýðingu Norðurlandabúar, og þeir menn, sem þaðan eru helst ættaðir, eða þeim skyldastir, hafa haft fyrir viðleitnina á að ná hinni réttu framsóknarátt. Mun að síðustu verða sýnt fram á hið sérstaka hlutverk Íslendinga og skýrt svo skiljanlegt verði, að þar sem er þessi litla þjóð, mundi vera öflugust framsóknin á jörðu hér, ef hinni réttu stefnu hefði náð verið. Mun ég sýna fram á þýðingu íslensks sjálfstæðis í nýrri og mörgum óvæntri merkingu þess orðs.

Þá aðferð mun ég hafa að rita sérstakar ritgerðir snertandi þá kafla, sem ég fæst þá mest við. Hygg ég, að verkið muni verða framkvæmt á 20 til 30 árum, svo að ekki sé síður þeirri áætlun, sem ég hefi nú í huga. Reyna mun ég að fá aðra fræðimenn til að vera mér samtaka um ymsar rannsóknir og ritgerðir. Hygg ég, að mér muni verða gott til liðs, þegar menn sjá að þeim verður miklu betur ágengt, ef þeir eru í liði með mér.

VI

Hið mikla og ágæta verk Spencers: A System of Synthetic Philosophy, mætti kalla exeliktík. Mitt verk verður diexeliktík. Viðkvæði hins upplýstari hluta mannkynsins þennan síðasta mannsaldur eða rúmlega það, hefir verið evolution, sem er sama sem exelixis; en exeliktík er sama sem evolu-

tionismus. Viðkvæði næstu kynslóðarinnar verður diexelisis, og heimspeki 20. aldarinnar og lengra fram verður diexeliktík. Í hið mikla verk Spencers vantar tilfinnanlega jarðfræðina, en í mínu verki mun, að ekki litlu leyti verða bætt úr því. Verki Spencers eru takmörk sett af því sem hinn mikli spekingur kallar The Unknowable, það sem ekki verður fengin vitneskja um, svæði trúarbragðanna. Mitt verk og þeirra, er mér vilja verða samtaka, mun gera svo bjart yfir þessu svæði, að ekki verður unnt að villast framar. Tilgangur lífsins mun augljós verða, og engum, sem vit hefir, mun geta dulist, að hér er leiðin fram. Þessi vor mikli heimur á að fullkomnast áfram takmarkalaust, þrátt fyrir tafir þær sem orðið hafa og enn munu verða af dysexelixis, samtakaleysinu, fjandskaparstefnunni, greindarskortinum gagnvart því, hvað gott er og hvað illt.

VII

Aldrei hefir nokkur heimspeki verið eins þjóðleg og mín er, og engin þó eins alþjóðleg. Mín kenning er svo þjóðleg, að það má skoða hana sem rökstuðningu þess að norræna tungu, það er að segja tungu vor Íslendinga, verði að endurreisa á Norðurlöndum. Og hún er svo alþjóðleg, að í henni verður fyrst mannfélagsfræðin sett fullkomlega í samband við náttúruvísindin, og sýnt hvernig viðleitnin til mannfélags er framhald af viðleitninni til frumufélags. Og mín kenning mun færa vísindunum þekkinguna á framsókn lífsins fram yfir mansstigið. Enginn hefir á undan Íslendingi, alveg laust við öll trúarbrögð, skilið framhald lífsins. Enginn hefir á undan Íslendingi skilið, að það sem menn hafa haldið, og halda, líf í goðheimi og andaheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Ég veit með fullkominni vissu að svo er, og mun sýna það með tilraunum, þegar ég fæ menn til að vera mér samtaka og haga tilraunum rétt. Ennþá er þessum hugsunum mínum að vísu tekið nokkuð líkt og sumum þeim hugsunum, sem vísindi nútímans byggjast helst á, var tekið fyrir 3-400 árum. En þó er þess nú skammt að bíða, að þar fari að verða breyting á.

Þjóðræknir Íslendingar ættu að hugsa sig vel um, áður þeir sýna verki mínu annað eins tilræði og gert er með því að ímynda sér, að ekki sé neitt mark takandi á staðhæfingum vísindamanns, sem er þó ekki óreyndari en ég er. Sönn þjóðrækni er að ekki litlu leyti í því innifalin, að hafa vakandi auga á því hvar eitthvað diexeliktiskt, eitthvað sem horfir til réttrar áttar, er að vaxa fram í þjóðfélagi, og vera þar að minnsta kosti ekki á móti. Enginn má láta áhuga á að niðra einhverjum landa sínum blinda sig svo, að hann spilli og tefji fyrir einhverju, sem þjóðinni horfir til góðs. En þó eru ekki allfá dæmi þess í ýmsum löndum, að slíkt hefir komið fyrir.

VIII

Mjög er það eftirtektarvert, hvernig fyrsta sjálfstæðisþingi Íslendinga gefst kostur á, að reynast íslenskum hugsunum og uppgötvunum, sem horfa mjög til bóta fyrir þessa þjóð og allar, betur en jafnvel vísindafélög hafa of oft viljað reynast nýjungum af því tagi.

Það sem ræðir um er þetta, hvort manni sem vinnur að því verki, sem ég hefi unnið að — eftir megni, held ég mér sé óhætt að segja — á að vera hér viðvært, eða hvort honum er talið svo ofaukið í þessu þjóðfélagi að hann verður, þrátt fyrir nokkuð fastan vilja á að vera Íslendingur, að fara útlægur af landi burt. —

Þá vil ég enn fremur leyfa mér að skora á Alþingi, að verða vel við máli Guðmundar Bárðarsonar náttúrufræðings, sem sækir um lítils háttar styrk til að halda áfram rannsóknum sínum. Guðmundur er vor eini skeljafræðingur; það er sumt í rannsókn landsins, sem ekki verður unnið í bráð, ef hann gerir það ekki, og það er stórvél gert af honum, að vera slíkur vísindamaður, sem hann er orðinn, þarna norður við Hrútafjörð. Menn mega ekki segja að íslenska þjóðin hafi ekki efni á að veita nokkrar þúsundir króna, eða tugi þúsunda, til að halda hér uppi andlegu lífi. Því að þetta er mjög á hinn veginn. Það sem íslenska þjóðin hefir ekki efni á, er að þeir menn þrifist hér síður en aðrir, og geti hér

síður starfað, sem eru efni í skáld eða listamenn. Og síst hefir þjóðin efni á því, að menn séu fátækari, minna metnir, og að ýmsu bagaðri fyrir það, að þeir hafa mikinn hug á að auka þekkingu, hvort heldur er sem rannsóknarar meir, eða sem kennrarar, eða rithöfundar.

Að endingu vil ég biðja suma þá, sem ritgerð þessi kemur fyrir augu, að lesa nú ekki þannig, eins og stundum vill koma fyrir um mínar ritgerðir, að þeir ímyndi sér að loknum lestri, að á blaðinu sé ýmislegt annað en það sem skrifað stendur. Vilji menn hafa fullt gagn af ritgerðum, verður að lesa þær oftar en einu sinni.

Morgunblaðið, 6. ágúst 1919.